

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

FIMMTUDAGINN 25. FEB 2016. VAR HALDINN 10. FUNDUR SKIPULAGS OG
BYGGINGARNEFNDAR SÚÐAVÍKURHREPPS KL 17.00
KJÖRTÍMABILIÐ 2014-2018

Mættir eru Garðar Sigurgeirsson, Salvar Baldursson og Helgi Bjarnason formaður.

Árni Traustason, skipulagsfulltrúi og Pétur G. Markan sveitarstjóri.

Formaður athugar með fundarboð. Engin athugasemd gerð við fundarboð. Formaður býður nefndarmönnum að taka til fyrsta dagskrárliðar.

Dagskrá:

1. Erindi Jónasar H Jónbjörnssonar, fyrir hönd Tígurs, þar sem hann óskar eftir afnotum af svæði milli Þjóðvegur og iðnaðarhúss Tígurs á Langeyri. Hugmyndin er sú að Tígur muni gera gera svæðið nothæft til geymslu stórra vinnuvéla á sinn kostnað og óskar eftir samkomulagi um það og tryggingu fyrir því að fyrirtækið verði ekki rekið af svæðinu.
2. Erindi Jóns Heiðars Guðjónssonar, fyrir hönd Hótel Reykjanes, þar sem hann óskar eftir að sveitarfélagið taki afstöðu til sjósundaðstöðu (hlaðinn pottur) við Hveravík í Reykjanesi.
3. Erindi frá Teiknistofunni Eik, um heimild til að vinna deiliskipulag fyrir hluta jarðarinnar í Ögri.
4. Ósk um að sumarhús, er stendur á lóðinni Grundarstræti 5, verði skráð sem íbúðarhús í fasteignaskrá.
5. Umsókn frá Hraðfrystihúsinu –Gunnvör hf um að fá að breyta gluggum á húsi félagsins á Langeyri er hýsir aðstöðu Swanfjord, samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum gerðum af Verkís hf.
6. Greinargerð frá Guðmundi L. Hafsteinssyni hjá Þjóðminjasafninu, um fyrirhugaðar framkvæmd-ir við Litlabæ í Skötufirði.
7. Önnur mál.

-
1. Svæðið er skilgreint á deiliskipulagi iðnaðar-og athafnasvæði Langeyrar. Skipulags- og byggingarnefnd tekur vel í erindið og bendir á að svæðið hafi verið tekið frá í þeim tilgangi að nota það sem geymslusvæði fyrir stórar vinnuvélar. Skipulags- og byggingarnefnd beinir því til sveitarstjórnar að ræða taka upp viðræður við bréfitara um gerð og afnot svæðisins.

Samþykkt samhljóða.

- Þessi framkvæmd var gerð 2013 án þess að sótt væri um leyfi til hennar til byggingaryfirvalda Súðavíkurrepps.
Framkvæmdin var stöðvuð strax og byggingaryfirvöld fengu vitneskju um hana leitað umsagnar hjá Umhverfisstofnun.

Umsögn UST var mjög neikvæð. Síðan hefur verið óskað eftir að sveitarstjórn láti fjarlægja þessa framkvæmd, en hún hefur veigrað sér við því fram að þessu, þar sem legið hefur fyrir að deiliskipulag í Reykjanesi verði samþykkt.

Skipulags- og byggingarnefnd sér ekki ástæðu til að svo komnu að breyta afstöðu sinni sem fram kom við stöðvun framkvæmda á sínum tíma.

- Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila Teiknistofunni Eik að deiliskipuleggja hluta jarðarinnar Ögurs fyrir u.þ.b. 10 gesthús. Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir verslunar og þjónustusvæði í Ögri.

Skipulags- og byggingarnefnd telur byggingu gestahús í tengslum við ferðaþjónustu sem rekin er á jörðinni geta samrýmst því. Fyrir liggur endurskoðun á aðalskipulagi.

- Skipulags- og byggingarnefnd frestar erindinu til næsta fundar og felur byggingarfulltrúa að kanna hvernig húsið fellur að skipulagsmálum á reitnum.
- Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið. Byggingarleyfisgjöld eru 67.840.- kr.
- Lagt fram til kynningar. Skipulags og byggingarnefnd fagnar erindinu og þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar.
- Önnur mál.

Ekkert fleira gert. Fundi slitið 17: 55

Sign

Salvar Baldursson

Helgi Bjarnason
Formaður

Garðar Sigurgeirsson

Pétur G. Markan
Sveitarstjóri

Árni Traustason
Skipulagsfulltrúi

